

Umgengnisreglur FÉSTA

1. Íbúum er skylt að ganga þrifalega og hljóðlega um húsnæðið og sameiginlegt húsrými og lóð. Íbúar eiga ekki að raska friði og ró í húsinu að óþörfu.
2. Allir íbúar sem hafa rétt á að nota sameiginleg rými, eru hvattir til þess að ganga snyrtilega um þau. *Íbúar eru hvattir til að hafa nágranna sína og svefnfrið þeirra í huga.*
3. Öll notkun tóbaks og rafsígarettna er bönnuð í húsnæði og á lóðum FÉSTA. *Íbúar eru hvattir til að gæta hófs í neyslu áfengis.*
4. Íbúar eiga ekki að gera nokkuð sem raskað getur svefnfrið nágranna sinna milli 24:00 og 7:00. Útidyr hússins skulu vera læstar á öllum tímum.
5. Íbúar eru minntir á að í húsnæði FÉSTA búa háskólanemar, og þó þeir séu ekki allir undir sama vinnuálagi þá er prófatími jafnan í desember og frá lok apríl fram í maí.
6. Íbúar eru beðnir um að slökkva ljós í sameiginlegum rýmum þegar þau eru ekki í notkun, hiti og rafmagn er á sameiginlegum mælum og kostnaður deilist meðal íbúa.
7. **Gæludýrahald er með öllu bannað* í húsnæði FÉSTA.** Brot á reglum um gæludýr geta leitt til þess að nauðsynlegt er að endurmála vegg/loft að öllu leyti á kostnað leigutaka. Einnig getur það leitt til riftunar á samningi eða neitun á framlengingu.
8. Íbúar skulu gæta fyllsta hreinlætis í öllum geymslum. Þar er óheimilt að geyma nokkuð sem getur valdið óþrifum eða vondri lykt. Í sameiginlegri hjóla- og vagnageymslu er einungis heimilt að geyma hjól og vagna.
9. Íbúar eiga ekki að geyma reiðhjól eða aðra hluti þar sem þeir geta verið fyrir öðrum, svo sem fyrir inngangi, í stigagöngum eða sameiginlegum rýmum. *Íbúar eru hvattir til að skilja ekki ökutæki sín eftir í gangi fyrir utan hús.*
10. Íbúar eiga að ganga frá öllu rusli í sorp – og endurvinnslugáma. Við öll hús FÉSTA eru flokkunargámar sem íbúar eru hvattir til að nota. *Íbúar eru minntir á að dósir og flöskur má flokka og fara með í endurvinnslu og fá greitt fyrir.*
11. Öllum íbúum hússins eru heimil jöfn afnot af þvottahúsi frá kl. 08.00 til kl. 23.00. Afnot af þvottavél og þurrkara er innifalin í leigunni og íbúum ber að ganga snyrtilega um þvottahús og fylgja reglum þar.
12. Þessar reglur eru teknar saman til þess að íbúar séu meðvitaðir um skyldur sínar varðandi umgengi sína um húsnæði FÉSTA, og til að minna þá á að sýna tillitssemi gagnvart nágrönnum sínum.

****Heimilt er að hafa gæludýr í íbúð 101 & 102 í Skarðshlíð 46 (Útsteinn)***